

FUNDARGERÐ HEILBRIGÐISNEFNDAR NORÐURLANDS VESTRA

Fundur í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn 15. desember 2021 kl. 13:00 í húsnæði Heilbrigðiseftirlitsins að Sæmundargötu 1, 550 Sauðárkróki og í fjarfundi.

Fundinn sátu:

Lee Ann Maginnis, Ína Björk Ársælsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir og Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri á fundarstað að Sæmundargötu 1 og á fjarfundi var Nanna Árnadóttir og Haraldur Þór Jóhannsson.

Dagskrá:

1. Úrskurður æðra stjórnvalds vegna kæru Náttúrusmiðjunnar.
2. Fráveita við Víðigerði.
3. Kæra vegna útgáfu starfsleyfis TD.
4. Mál til kynningar
 - a) Mál UST; Tillaga að breytingum á lögum nr. //1998, Fyrirmæli vegna hreinsunarstarfs á Hofsósi, drög að leiðbeiningum um minni hreinsivirki.
 - b) Matvæli; Fundur MAST og HES, innköllun á salti, innköllun á ís Ketó kompaní,
 - c) Skipulagsmál; Skarðsdalur umsögn, umsögn vegna breytinga vegna Mjólkursamlags KS,
 - d) Umsagnir til sýslumanna; tækifærisleyfi vegna skemmtunar í Árgarði, umsögn um rekstrarleyfi að Gauksmýri.
 - e) Annað; Skýrsla, fundargerð og reikningar SHÍ, sóttgreinsun á sessum í eimbaði, mynd af lekum olútanki, undanþága til sölu tóbaks til KS, kynningarfundur vegna bensínleka, kvörtun undan loftgæðum Blönduósi, vöktun vegna Benínleka Hofsósi, Hvalreki á Siglunesi, stækkun á leikskóla Varmahlíð, tilkynning um aðilaskipti á öllum 4 skráðum bryggjutönkum Skeljungu hf á Norðurlandi vestra og 3 bensínstöðvum félagsins, en Skeljungur IS ehf tekur við rekstri bryggjutanka og Orkan IS ehf. Ástand húsnæðis grunnskólans á Hofsósi, kvartanir vegna lyktar í Ólafsfirði.
5. Starfsleyfi
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Samþykkt að fara að úrskurði ráðuneytisins í máli Náttúrusmiðjunnar frá 16. nóvember 2021 og taka mál Náttúrusmiðjunnar fyrir að nýju og gæta þá betur að málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Samþykkt er að upplýsa Náttúrusmiðjuna um að málið verði tekið fyrir að nýju og að HNV hyggist banna orðanotkun í markaðsefni, fyrirtækisins undir vörumerkinu ICEHERBS, sem brýtur í bága við reglugerð 406/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 um næringar og heilsufullyrðingar og reglugerð um fæðubótarefni nr. 624, auk reglugerðar 1294/2014 um innleiðingu reglugerð (EB) nr. 1169 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Áður en HNV taki endalega ákvörðun um slíkt bann gefst Náttúrusmiðjunni ehf. kostur á að koma að andmælum við þessari fyrirhugaðri ákvörðun HNV.

2. Heilbrigðisnefndin tekur ákvörðun um að beita North West dagsektum að upphæð 10.000 kr. á dag frá og með 1. júní 2022 ef framkvæmdum verður ekki lokið fyrir þann tíma.

3. Framkvæmdastjóra falið að senda inn sjónarmið heilbrigðisnefndar til úrskurðanefndar. Þann 30. Nóvember sl. sendi Hjálmar Björn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Tækjapjónustunnar, inn tímasetta verkáætlun vegna starfsleyfisskilyrða.

4. **Málefni Grunnskólans Austan Vatna á Hofsósi.** Framkvæmdastjóri fór yfir málið og upplýsti nefndina um að framkvæmdir eiga sér stað í húsnæðinu og hefur hluta húsnæðisins verið lokað tímabundið, á meðan framkvæmdir og hreinsun fara fram.

- a) Mál UST,
- b) Matvæli,
- c) Skipulagsmál,
- d) Umsagnir til sýslumanna,
- e) Annað,

5. Önnur mál

Heilbrigðisnefnd óskar eftir því að leyfisveitingar vegna flugeldasýninga um áramótin verði einfaldaðar og færðar til fyrra horfs þannig að ekki þurfi að sækja um starfsleyfi fyrir sýningar sem haldnar eru um áramót og á þrettándanum.

6. Starfsleyfi

Mál 1695

Fann ferðaþjónusta ehf., kt. 480414 1280, til að reka ferðaþjónustu, gistiheimili og veitingarekstur, að Gauksmýri 531 Hvammstangi, sbr. lög um matvæli nr. 93/1995 og lög nr. 7/1998. Ábyrgðamaður er Lís Fannberg Gunnarsdóttir.

Samþykkt til 15.12. 2033.

Mál 1696

Síldarminjasafn Íslands SES, kt. 661006 1530, til að starfrækja safn, sbr. lög nr. 7/1998, að Snorrageötu, 580 Siglufirði. Ábyrgðamaður er Aníta Elefsen.

Samþykkt til 15.12.2033.

Starfsleyfi sbr. reglugerð 550/2018

Mál 1697

Bakkafugl ehf., kt. 511021 0490, til að starfrækja þaueldi á alifuglum, sbr. lög nr. 7/1998 og útgefin starfsleyfisskilyrði, að Tannstaðabakka, 531 Hvammstanga. Ábyrgðamaður er Birkir Snær Gunnlaugsson.

Samþykkt til 15.12.2033.

Mál 1698

Fiskmarkaður Snæfellsbæjar, ehf. kt. 461015 0770, til að starfrækja vinnslu á fiski, sbr. lög nr. 7/1998 og útgefin starfsleyfisskilyrði, að Háeyri 6, 550 Sauðárkrókur.

Ábyrgðamaður er Andri Steinn Benediktsson.

Samþykkt til 15.12.2033.

Mál 1699

Kaupfélag Skagfirðinga, kt. 680169 5009 til að starfrækja mjólkursamlag við Skagfirðingabraut, 550 Sauárkrókur, sbr. lög nr. 7/1998 og auglýst starfsleyfisskilyrði.

Ábyrgðamaður er Hjörvar Halldórsson.

Erindinu frestað til næsta fundar.

Mál 1700

Brjálaða gimbrin, kt. 420616 0820 til að starfrækja kjötvinnslu og sláturhús að Birkihlíð, 551 Sauðárkrókur, sbr. lög nr. 7/1998 og auglýst starfsleyfisskilyrði.

Samþykkt til 15.12.2033.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Ína Björk Ársælsdóttir

Haraldur Þór Jóhannesson

Lee Ann Maginnis

Nanna Árnadóttir

Jón Kolbeinn Jónsson

Sigurjón Þórðarson

Guðný Helga Kristjánsdóttir